



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hádegisverðarboði forsætisráðherra Noregs
12. febrúar 1997**

Ágæti forsætisráðherra.
Heiðruðu gestir.

Vinátta og frændsemi Íslendinga og Norðmanna eiga sér traustar rætur í sögu og menningu þjóðanna. Reyndar er sjálfsvitund okkar svo samofin að oft er erfitt að greina í sundur hvað er Íslands og hvað er Noregs í þeim verkum fornum sem orðið hafa hornsteinar sjálfstæðis okkar.

Þessi bönd hafa á okkar tíð gert samfylgd og samvinnu þjóða okkar í senn eðlilega og sjálfsagða. Engar tvær þjóðir í veröldinni eru tengdar á jafn margvíslegan hátt í formlegu alþjóðlegu samstarfi. Sú staðreynd er verðugt umhugsunarefni þegar mannkyn allt gengur á nýrri öld til móts við gjörbreytta heimsmynd.

Við höfum, Íslendingar og Norðmenn, ásamt öðrum bræðraþjóðum gert norrænt samstarf að fyrirmynd annarra.

Við höfum í áratugi tekið höndum saman í tillögugerð og ákvörðunum innan Sameinuðu þjóðanna.

Við höfum verið þátttakendur í öryggissamstarfi vestrænna þjóða, Atlantshafsbandalaginu, og þurfum þar ásamt öðrum að taka á næstunni örlagaríkar ákvarðanir um nýja öryggisskipan í Evrópu.

Við höfum verið samferða í þróun efnahagssamvinnu, fyrst innan EFTA og síðar með stofnun Evrópska efnahagssvæðisins. Ísland og Noregur eru önnur meginstoðin í þeirri skipan.

Við erum í Evrópuráðinu og Samtökum um öryggi og samvinnu í Evrópu þar sem um 40 ríki leita nú leiða til að festa í sessi lýðræði og mannréttindi í álfunni allri.

Við höfum bundist böndum við nýfrjálsar þjóðir í austri með stofnun Eyrstrasaltsráðsins og sérstökum samráðsvettvangi norrænna ríkja með Eyrstrasaltsríkjunum þremur. Og til vesturs hefur hið nýstofnaða Norðurheimskautsráð staðfest sameiginlega hagsmuni Íslands og Noregs, Bandaríkjanna og Rússlands og annarra á svæði sem gegnir lykilhlutverki í verndun lífríkis jarðarinnar og nýrri öryggisskipan í veröldinni.

Vissulega tekur fjöldi annarra ríkja þátt í þessum stofnunum og samtökum en Noregur og Ísland eru einu ríkin sem eru í þeim öllum. Það er Danmörk sem næst kemur okkur tveimur.

Þessi margbrotna og skipulega samfylgd Íslands og Noregs á alþjóðavettvangi knýr okkur ásamt sameinginlegum uppruna okkar, sögu og menningu til að íhuga og ræða í mikilli alvöru hvernig við höldum til móts við nýja tíma.

Í ræðu minni í veislu konungs og drottningar Noregs í gærkvöldi, vakti ég athygli á því að sérstaða Noregs og Íslands skapar okkur nú enn mikilvægara hlutverken áður. Þróun lýðræðis og mannréttinda, verndun umhverfis og auðlinda, eru orðin brýnustu verkefni mannkyns. Þessir lykilþættir nýrrar heimsmyndar skapa Norðmönnum og Íslendingum nýja stöðu.

Ég nefni hér fjögur svið þar sem samvinna Noregs og Íslands er í senn eðlilegt framhald fyrri tengsla, brýnt framlag til lausnar á fjölþjóðlegum vandamálum og tenging okkar við þá gerjun sem einkennir mannkyn allt.

Í fyrsta lagi þróun lýðræðis og mannréttinda víða um veröld. Margar þjóðir munu leita liðsinnis í þeim efnum hjá ríkjum sem ógna engum og hafa ekki annarlega hagsmuni.

Í öðru lagi nauðsyn víðtækrar alþjóðlegrar samvinnu um verndun umhverfis og lífríkis jarðarinnar. Þar hefur forveri yðar, Gro Harlem Brundland, sýnt hvernig norræn forysta nýtur stuðnings og trausts við stefnumótun og tillögugerð.

Í þriðja lagi umræða um þróun öryggismála í Evrópu á nýrri öld og reyndar einnig nýskipan friðargæslu og friðarstarfs á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hér skapar staða Noregs og Íslands ríkjum okkar möguleika umfram aðra til að leggja fram hugmyndir og greiða úr ágreiningi.

Í fjórða lagi vaxandi mikilvægi hins norræna samstarfsforms og samfélagsgerðar fyrir fjölda þjóða í Asíu, Suður-Ameríku og Afríku. Í

viðræðum mínum við forystumenn, ráðherra og þingmenn, frá þessum heimshlutum á undanförunum árum hef ég sannfærst um að sameiginlegur árangur okkar er þeim hvatning til sérstakra tengsla við Norðurlönd. Þetta álit forystumanna í fjarlægum heimshlutum gefur norrænni samvinnu nýtt gildi. Það skapar löndum okkar einnig fjölþætt ný tækifæri til efnahagslegrar sóknar í því alþjóðlega hagkerfi sem nú er í mótnun.

Allir þessir þættir gera aldagömul tengsl landa okkar enn mikilvægari þegar nýtt árþúsund gengur í garð.

Þeir knýja einnig á um að hvergi beri skugga á tengsl Íslands og Noregs. Til að vera öðrum þjóðum fyrirmynd og nýta okkur báðum til hagsbóta þessi tækifæra til áhrifa og ávinnings þurfum við að sýna í verki að við getum leyst okkar eigin deilumál, deilumál sem ekki eru stórvægileg í samanburði við það sem þorri annarra þjóða glímir við.

Vissulega vilja allir sjómenn sækja fast á gjöful mið og sitja helst einir að aflanum. Það er hins vegar brýnt að stjórnvöld landanna beggja, Íslands og Noregs, leiti sem fyrst varanlegra lausna á þeim ágreiningi um nýtingu auðlinda hafsins sem enn er óleystur. Aðeins á þann hátt verður málflutningur Íslendinga og Norðmanna fullkomlega trúverðugur á alþjóðlegum vettvangi.

Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar og öðrum fornum sögum íslenskum eru vissulega glæstar lýsingar á átökum og baráttu en þar er einnig greint frá hæfni höfðingja á fyrri tíð að setja niður deilur og skapa sættir. Það er sú arfleifð sem enn ber að heiðra.

Ég bið yður öll að rísa úr sætum og lyfta glösum til heiðurs frændsemi okkar og vináttu.

Megi sú skál vera heillaspá um samfylgd Íslendinga og Norðmanna inn á nýja öld.